

Stjórnvaldssekt vegna brots á 62. gr. og 63. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti.

Þann 12. október 2007 tók stjórn Fjármálaeftirlitsins ákvörðun um að sekta stjórnarmann í Eik banka P/F, Marian Jacobsen, vegna brots á 62. gr. og 63. gr. þágildandi laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti (vvl).

Fjármálaeftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að fruminnherjinn hefði brotið gegn 62. gr. og 63. gr. vvl. þegar hann rannsakaði hvorki né tilkynnti um víðskipti sín með hlutabréf í útgefandanum innan tilskilinna tímamarka. Um var að ræða víðskipti sem áttu sér stað 5. júlí 2007 en voru ekki tilkynnt Eik banka fyrr en 17. ágúst 2007. Samkvæmt 63. gr. vvl. ber fruminnherja að tilkynna án tafar hafi hann eða aðili fjárhagslega tengdur honum átt víðskipti með bréf útgefandans.

Með vísan til framangreinds, atvika máls að öðru leiti og 74. gr. vvl. var það mat Fjármálaeftirlitsins að hæfileg sekt væri kr. 600.000.